

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 8/1967. **Svavar Kristjánsson**  
 gegn  
**Pórólfi Árnasyni**  
**Páli Hallgrímssyni f. h. ríkissjóðs**  
**og til réttargæzlu Hreiðari Jónssyni og**  
**Kristni Einarssyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Svavar Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 148/1966. **Jónas Guðlaugsson**  
 (Áki Jakobsson hrl.)  
 gegn  
**Kristjáni Júlíussyni og gagnsök**  
 (Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1966. Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 11. s. m.

Héraðsstefna í máli þessu er gefin út 13. júlí 1965. Var málið þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 2. september s. á. Á dómþingi 19. marz 1966, er það skyldi flutt munnlega, var

ekki sótt þing af hálfu stefnanda (gagnáfrýjanda). Var málið þá hafið að kröfu lögmanns stefnda (aðaláfrýjanda). Það var af nýju tekið fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí 1966. Bókar dómari þá, að málið sé „nú endurupptekið að ósk lögmanns stefnanda og með samþykki lögmanns stefnda, utan réttar ...“ Þá er og bókuð þingsókn af hálfu stefnanda og útivist stefnda, en honum hafi „þó verið boðað þinghaldið með venjulegum hætti með venjulegum fyrirvara.“

Lögmaður aðaláfrýjanda, sem flutti málið fyrir hann í héraði, samþykkti ekki fyrir dómi fyrirtöku málsins án stefnu, eftir að það var hafið hinn 19. marz 1966. Ber því sjálfkrafa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Kristján Júlíusson smiður, Hrístateigi 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. júlí 1965, gegn Jónasi Guðlaugssyni verksmiðjustjóra, Smáragrund 3, Sauðárkróki, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 31. desember 1964, 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,  $\frac{1}{3}\%$  víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 360.00 í stimpilkostnað svo og til greiðslu sakarkostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi enn fremur krafizt viðurkenningar á 3. veðrétti og uppfærslurétti í eftirtöldum verðmætum í vörzlu stefnda:

1. Bandsög, Umf. Ruhla m/rafh. hö. 1.4, nr. 63164.
2. Hefli, T.S. 58-4814 m/rafh. Mez, hö. 4.5, nr. 6190123.
3. Borvél, T.S. 601143 m/rafh. Mez, nr. 8437011.

4. Rennibekk, Andry Chowka.
5. Rennibekk, D.L.Z. 355-3692 m/rafh., hö. 4.5.
6. Vélsög, Emil Sehutz 38/3 77/5262 m/rafh., hö. 0.75.
7. Rennibekkur, Niensted & Co. m/rafh. Mez, hö. 4.
8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
10. Pressu, sjálfsmíði, hydrólísk sjálfskipt, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 10339/58.
11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
12. Málmhúðunartæki m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25-30 tonn, m/rafh. Vem., 2.2 hö.
14. Höggpressu, sjálfsmíði, special, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
16. Púntsuðuvél, B. IV.

Umræddur víxill er, svo sem fyrr er getið, að fjárhæð kr. 150.000.00. Hann er útgefinn af stefnanda hinn 29. september 1961, en samþykktur til greiðslu af stefnda hinn 1. október 1962. Greiðslustaður víxilsins var í Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

Stefnandi kveður víxilinn ekki hafa verið greiddan á gjalddaga né síðar.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn og viðurkennt að hafa fengið víxillán þetta hjá stefnanda. Vexti af víxilskuldinni kveðst hann hafa greitt fyrirfram fyrir allt árið, en sjálfa víxilskuldina kveðst hann hafa átt að greiða smám saman á árinu, þannig að víxillinn væri greiddur um það leyti, sem hann félli í gjalddaga. Í október 1962 kvaðst stefndi hafa verið búinn að greiða víxilinn að fullu. Stefndi segir greiðslur þessar oftast hafa farið fram með ávisunum, en stundum með peningum og hafi kvittanir aldrei verið gefnar. Lagðir hafa verið fram 20 tékkar, sem stefndi gaf út á hlaupareikning nr. 779 við Iðnaðarbanka Íslands h/f á tímabilinu 10. október 1961 til 6. nóvember 1962, ýmist á nafn stefnanda eða handhafa. Tékkar þessir eru ýmist ábektir af stefnanda eða konu hans, Bjarnfríði Pálsdóttur.

Stefndi kveður tékka þessa alla hafa verið greiðslur til stefnanda upp í víxil þann, sem stefnt er út af í máli þessu. Samtals nema tékkar þessir kr. 184.500.00, og kveður stefndi víxilinn því hafa verið að fullu greiddan, er hann hafi fallið í gjalddaga, og á því byggir hann sýknukröfu sína í málinu. Stefndi kveðst því

hafa kafið stefnanda um víxlinn og tryggingarbréf það, sem honum hafi fylgt, er víxillinn hafi verið að fullu greiddur, en stefnandi hafi eigi sinnt því. Síðan kvaðst stefndi ekkert hafa frétt af víxlinum allan þann tíma, sem liðið hafi í millitíðinni, þar til innheimtumál þetta hafi verið höfðað.

Ákveðinn hafði verið munnlegur flutningur í máli þessu, og lögmönnum aðilja hafði verið tilkynnt bréflega um réttarhaldið, en lögmaður stefnda mætti ekki, og hafði hann þó ekki boðað forföll. Lögmaður stefnanda ítrekaði þá kröfur sínar og krafðist þess, að málið yrði dómtekið, og var það gert.

Mál þetta er því flutt og dæmt skriflega samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Frumrit víxilsins og tryggingarbréfsins hafa verið lögð fram í málinu, og þar sem stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi þegar greitt skuld þá, sem hér er stefnt út af, verður að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 17.300.00.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Framangreindur veðréttur og uppfærsluréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Jónas Guðlaugsson, greiði stefnanda, Kristjáni Júlíussyni, kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 31. desember 1964, 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags,  $\frac{1}{3}$ % víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 360.00 í stimpilkostnað og kr. 17.300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.